



Íslandsmótin 2008

Íslandsmót í tvímenningi 2008

Íslandsmót í tvímenningi 2008 verður haldið dagana 5. og 6. maí 2008.

Olíuburður verður 37 fet að lengd, svokallað Broadway mynstur. Hægt verður að æfa í þeim olíuburði sunnudaginn 4. maí milli kl. 13:00 og 14:00.

Forkeppni mánudaginn 5. maí kl. 19:00 í Keiluhöllinni

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 10 tvímenningarnir halda áfram í milliriðil. Verð í forkeppni kr. 4.200,- pr. tvímenning.

Milliriðill mánudaginn 5. maí kl. 21:00 í Keiluhöllinni

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 6 tvímenningarnir halda áfram í undanúrslit. Verð í milliriðil kr. 3.500,- pr. tvímenning.

Undanúrslit þriðjudaginn 6. maí kl. 19:00 í Keiluhöllinni

Spilað er allir við alla einföld umferð. Efstu 2 tvímenningarnir leika til úrslita strax að loknum undanúrslitum. Verð í undanúrslit kr. 3.500,- pr. tvímenning.

Úrslit þriðjudaginn 6. maí – strax að loknum undanúrslitum:

Tveir stigahæstu tvímenningarnir leika síðan til úrslita, sá tvímenningur sem er efstur að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflis viðureignir teljast sem hálf stig á hvorn tvímenning. Ef enn er jafnt eftir 5 leiki skal pinnafall ráða.

Sjá nánar í reglugerð KLÍ um Íslandsmót í tvímenningi.

Skráning fer aðeins fram á netfanginu skraning@kli.is. Skráningu lýkur miðvikudaginn 30. apríl klukkan 22:00. Skráningu þarf að innihalda nafn og kennitölu keppenda.

Keppendur eru beðnir um að mæta með reiðufé til að greiða þátttökugjöld, eða greiða inn á reikning KLÍ áður en mót hefst. Reikningsnúmer er 1175-26-002930, kt. 460792-2159

Mótanefnd KLÍ

Nefndin áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir.